

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

- a. að kaupa eða styrkja kaup á vönduðum rannsóknar- eða lækningatækjum til sjúkraskýlisins í Ólafsfirði, sem miða að því að fullkomna stofnunina sem sjúkrahús og séu til varanlegra nota;
- b. að styrkja konu til hjúkrunarnáms eða veita lán í því skyni að hún verði síðar starfandi í Ólafsfjarðarhreppi sem hjúkrunar- og hjálparkona á heimilunum.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

- a. vextir af innstæðu;
- b. gjafir.

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða svo, að hann verði minni en 1000 — eitt þúsund — krónur.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skulu skipa sóknarpresturinn og lögreglustjórinn (hreppstjórinn) í Ólafsfirði og auk þess 3 konur eða karlar, sem kvenfélagið kýs. Leggist kvenfélagið niður, skal hreppsnefnd Ólafsfjarðarhrepps kjósa þessa 3 meðstjórnendur.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók og skulu þar færðir inn árlegir reikningar sjóðsins. Þar skulu einnig innfærðar allar ákvarðanir sjóðstjórnarinnar um styrkúthlutanir úr sjóðnum.

6. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

7. gr.

Með skipulagsskrá þessari er úr gildi numin skipulagsskrá fyrir hjúkrunarsjóð Ólafsfjarðarhrepps, nr. 10 24. febrúar 1923.

Ólafsfirði, 7. febrúar 1942.

Í stjórn kvenfélagsins Æskan.

Jóhanna Magnúsdóttir.

Bjarnveig Helgadóttir.

Helga Sigurðardóttir.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá vatnsveitu Dalvíkurþorps, nr. 40 3. júní 1938.

Í 4. gr. gjaldskrárinnar í stað „20%“ komi: 50%. Í sömu grein í stað „5%“ komi: 15%.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 129 9. desember 1941, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 17. júlí 1942.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.